



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirkomulag meðan á framkvæmdum stendur.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Samkvæmt skipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið stendur til að setja Sæbraut og Miklubraut í stökk á tímabilinu 2023 - 2026. Á Sæbraut verður á framkvæmdatíma gert ráð fyrir því að umferð um Sæbraut verði breytt í 1 plús 1 í stað 2 plús 2.

Óljóst er hvort það sama gildi um Miklubraut en þó er ljóst að umferð mun þrengjast mjög á þessum tíma og a.m.k. á einhverjum tímapunkti í 1 plús 1.

Í þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið er gert ráð fyrir því að Suðurlandsbraut verði með tilkomu Borgarlínu breytt í 1 plús 1 í stað 2 plús 2. Líklega munu þær breytingar skarast í tíma við framkvæmdir við Sæbraut og Miklubraut.

Í ljósi þessa: Hefur verið kannað hvaða áhrif þetta hefur á umferð og hafa verið skipulagðar einhverjar mótvægisáðgerðir til að greiða fyrir umferð á framkvæmdatíma?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. mars sl.

Umsögn:

Unnið er að undirbúningi verkefnanna sem eru nefnd hjá Vegagerðinni í samstarfi við Reykjavíkurborg. Hluti af þeim undirbúningi er að ákvarða fyrirkomulag á framkvæmdatíma. Endanleg ákvörðun um útfærslu umferðar á framkvæmdatíma í verkefnum hefur ekki verið tekin. Það er hluti undirbúnings verkefnanna að skoða áhrif framkvæmdanna á umferð og er horft til innbyrðis samhengis verkefnanna við skipulag framkvæmda.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri